



Frumvarp til safnalaga

Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarsafns Íslands

Undirrituðum hefur borist frumvarp til safnalaga Þskj. nr. 1152 – 650. mál Alþingis 2010-2011 sem þakkað er. Eftirfarandi er sameiginleg umsögn Landbúnaðarsafns Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands um nokkur atriði frumvarpsins.

Bakgrunnurinn

Á vegum forvera Landbúnaðarháskólans, þ.e. Bændaskólans á Hvanneyri, hafði orðið til sk. Verkfærasafn með lögum nr. 64/1940 um rannsóknir í þágu landbúnaðarins. Safnið þróaðist yfir í Búvélasafn sem árið 2007 varð stofninn að Landbúnaðarsafni Íslands, sjálfseignarstofnun. Hana mynduðu auk Landbúnaðarháskólans, Bændasamtök Íslands og sveitarfélagið Borgarbyggð. Stjórnaraðild eiga einnig Þjóðminjavörður og landbúnaðarráðherra með fulltrúum sínum.

Hlutverk Landbúnaðarsafns er skilgreint þannig í 3. gr. skipulagsskrárinnar:

Hlutverk Landbúnaðarsafns Íslands ses. er að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hana, og annast rannsóknir og fræðslu um viðfangsefnið.

Landbúnaðarsafn Íslands ses. leggur sérstaka áherslu á sögu landbúnaðarins frá byrjun tæknialdar í landbúnaði með rannsóknum sem og almennri kynningu á sögu hans og stöðu og hvers konar miðlun hennar, ýmist eitt sér eða í samvinnu við aðila sem til hennar eru fúsir.

Í starfi sínu skal Landbúnaðarsafn Ísland ses. hafa samráð og samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og aðra opinbera aðila er annast minjavernd og -vörslu í landinu, þ.m.t. byggðasöfn.

Landbúnaðarsafn nýtur margvíslegs hagræðis í nábyli og að nokkru leyti í skjóli Landbúnaðarháskólans (bókasafn, verkstæði, húsrými, háskólakennsla, rannsóknir...) og Landbúnaðarsafn er þáttakandi í þeim mikilvæga þætti háskólastarfs er snýr að varðveislu þekkingar.

Landbúnaður var meginviðfang þjóðarinnar fram á síðustu öld. Með umtalsverðum breytingum, byggðum á þekkingu og verktækni komu til sögu nýir búhættir sem losuðu vinnuafli er gengið gat til eflingar nýrra atvinnugreina. Saga þessara breytinga er því afar gildur þáttur þjóðarsögunnar.

Byggðasöfnin geyma minjar hins „gamla bændasamfélags“ sem svo er kallað. Landbúnaðarsafn hefur til þessa lagt hvað mesta herslu á tímum frá upphafi breytinganna miklu – er kalla mætti nýþekkingar- og tæknitímabilið.

Frumvarpið

Frumvarpið boðar ýmsar merkilegar breytingar sem undirritaðir styðja. Ljóst er t.d. að skilgreining hlutverka safna (3.gr.), sem og safnvísa, setra og sýninga mun auðvelda

sýn yfir þá miklu flóru minjaaðila er vaxið hafa fram á síðustu árum – og það hvernig starf þeirra má fella í farsæla farvegi.

Hugmynd um skiptingu safna, sbr. 4.gr., er hyggileg og raunar nauðsynleg, m.a. til þess að stuðla að skilvirkni starfs og sem bestri nýtingu fjármuna.

Safnaráð er nauðsynlegur samræmandi, sbr. 7. gr. þótt þrefa megi um hversu víðtækt samræmingarvald þess á að vera. Hyggilegt er að það verði í nokkru samræmi við þann hlut sem hið opinbera á í fjármögnun starfseminnar.

Varðandi greinarnar 15-18 í frumvarpinu viljum við minna á að landbúnaðarminjar ná ekki eingöngu til gripa í hefðbundnum skilningi, heldur einnig til bygginga, ræktunarminja og annarra einkenna menningarlandslags, sbr. sögn undirritaðra um frumvarp til laga ummenningarminjar. Hlutverk ábyrgðarsafns landbúnaðarsögu er því einnig að rækja þau tengsl við stofnanir sem lög ætla það verkefni.

Landbúnaðarsafn Íslands ses

Landbúnaðarsafn Íslands er aðili að rekstrarfélaginu Sarpur og unnið er að skráningu safnkosts í hinn miðlæga gagnagrunn ena er safnkostur Landbúnaðarsafnsins hluti sameiginlegs menningararfs þjóðarinnar sem lýtur að einum mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar gegnum aldirnar. Með skírskotun til hlutverks Landbúnaðarsafns Íslands, safnkosts þess og starfssögu, en ekki síst vegna nánna tengsla safnsins við kennslu- og rannsóknáhrverfi, sem geymir 120 ára samfellda sögu, er Landbúnaðarsafn fært um að verða ábyrgðarsafn á sínu sviði í samræmi við anda frumvarpsins.

Undirritaðir hvetja til þess að frumvarp til safnalag verði samþykkt.

Hvanneyri 5. maí 2011

Ágúst Sigurðsson
(sign)
Rektor
Landbúnaðarháskóla Íslands

Bjarni Guðmundsson
(sign)
verkefnisstjóri
Landbúnaðarsafn Íslands ses